

## Fundargerð hreppsnefndar 27. apríl 2017

Fundur nr. 59 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps föstudaginn 28. apríl 2017 á Hótel Tanga kl. 12:00.

Mætt til fundar: Eyjólfur Sigurðsson, Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Hinrik Ingólfsson, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Sigurjón H. Hauksson.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri, Magnús Jónsson endurskoðandi hjá KPMG og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna og bauð síðan Magnúsi Jónssyni að yfirfara ársreikninginn og skýringar á honum.

### Dagskrá:

#### 1. Almenn mál:

##### 1. a. **Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps A- og B-hluta fyrir árið 2016 tekinn til fyrri umræðu. Umræða fór fram um reikninginn, síðan var bókað:**

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2016 var lagður fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps föstudaginn 28. apríl 2017. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal fjalla um ársreikninginn á tveimur fundum í sveitarstjórn og verður ársreikningurinn tekinn til seinni umræðu í sveitarstjórn 11. maí nk.

Ársreikningur Vopnafjarðarhrepps árið 2016 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A-hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A- og B-hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð og Þjónustumiðstöð. Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara

fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B-hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Hafnarsjóður, Vatnsveita, Fráveita, Félagslegar íbúðir, Leiguíbúðir aldraðra, Legudeildin Sundabúð, Lyfsala, Skiphólmi ehf. og Arnarvatn ehf.

Helstu niðurstöður ársreiknings 2016 eru eftirfarandi:

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta á árinu var jákvæð um 97 millj. kr., en niðurstaða A-hluta var jákvæð um 44 millj. kr.
- Veltufé frá rekstri A- og B-hluta nam 163 millj. kr, en 89 millj. kr. í A-hluta.
- Skuldir og skuldbindingar A- og B-hluta námu 638 millj. kr. í árslok 2016, en 565 millj. kr. í A-hluta.
- Eigið fé A- og B-hluta nam um 930 millj. kr. í árslok en eigið fé A-hluta nam um 637 millj. kr.
- Skuldahlutfall A- og B-hluta, skv. skilgreiningu í reglugerð um fjárhagsleg viðmið nr. 502/2012, nemur 62,3% í árslok 2016, en þetta hlutfall var 65,1% í árslok 2015.
- Skuldaviðmið A- og B-hluta, skv. sömu reglugerð, nemur 59,9% í árslok 2016, en þetta hlutfall var 62,5% í árslok 2015. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum og ofangreindri reglugerð þá skulu þessi hlutföll ekki var hærri en 150%.

Þá skulu samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A- og B-hluta ekki vera hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum á hverju þriggja ára tímabili. Rekstrarjöfnuður Vopnafjarðarhrepps fyrir A- og B-hluta hefur verið jákvæður undanfarin ár og verður jákvæður áfram gangi fyrirbyggjandi áætlanir sveitarfélagsins eftir.

Bókunin samhljóða samþykkt sem og að vísa reikningnum til síðari umræðu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 13:45.